

## Kauptaxtar starfsfólks sem vinnur almenn landbúnaðarstörf samkvæmt kjarasamningi Starfsgreinasambands Íslands og Bændasamtaka Íslands

Gilda frá 1. maí 2018 til 31. desember 2018

Samningur þessi nær til starfsmanna sem vinna við almenn landbúnaðarstörf. Undir landbúnaðarstörf fellur hvers konar búfjárrækt, jarðrækt, skógrækt, garðrækt og ylækt. Einnig eftirfarandi starfsemi, fari hún fram á lögbýlum: Eldi og veiðar vatnafiska, nýting hlunninda, framleiðsla og þjónusta.

Auk þess falla ráðskonur/matráðar á bændabýlum undir samninginn. Samningurinn nær ekki til þeirra starfsmanna sem starfa við ferðapjónustu eða aðra starfsemi sem fellur ekki undir ofangreinda skilgreiningu. Starfsmenn, sem starfa við ferðapjónustu í smærri stíl, geta þó fallið undir gildissvið samningsins enda sé það samþykkt af hálfu viðkomandi stéttarfélags.

Kjarasamningur Samtaka atvinnulífsins (SA) og Starfsgreinasambands Íslands vegna vinnu starfsfólks í veitinga- og gistihúsum og hliðstæðri starfsemi sem undirritaður var þann 29. maí 2015 skal gilda fyrir ferðapjónustubændur.

Laun skulu miðast við 10. launaflokk í launatöflu Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins.

### Launaflokkur 10:

	Byrjun	1 ár	3 ár	5 ár
Mánaðarlaun	278.131	280.237	282.376	284.546
Dagvinnulaun	1.604,63	1.616,78	1.629,12	1.641,64
Yfirvinnulaun	2.888,39	2.910,26	2.932,47	2.955,01
Stórhátíðarkaup	3.824,30	3.853,26	3.882,67	3.912,50

### Launaflokkur 10, grunnlaun unglunga:

	Mánaðarlaun	Dagvinnulaun	Yfirvinnulaun
17 ára, 95% af mánaðarlaunum	264.224	1524,40	2.743,97
16 ára, 90% af mánaðarlaunum	250.317	1444,17	2.599,55
15 ára, 75% af mánaðarlaunum	208.598	1203,47	2.166,29
14 ára, 65% af mánaðarlaunum	180.785	1043,01	1.877,45

### Launaflokkur 11, viðurkennt nám að lágmarki 40 klst./60 kest. (5 einingar):

	Byrjun	1 ár	3 ár	5 ár
Mánaðarlaun	280.237	282.376	284.546	286.749
Dagvinnulaun	1.616,78	1.629,12	1.641,64	1.654,36
Yfirvinnulaun	2.910,26	2.932,47	2.955,01	2.977,89
Stórhátíðarkaup	3.853,26	3.882,67	3.912,50	3.942,80

**Launaflokkur 12, viðurkennt nám að lágmarki 80 klst./120 kest. (10 einingar):**

	Byrjun	1 ár	3 ár	5 ár
Mánaðarlaun	282.376	284.546	286.749	288.985
Dagvinnulaun	1.629,12	1.641,64	1.654,36	1.667,25
Yfirvinnulaun	2.932,47	2.955,01	2.977,89	3.001,11
Stórhátíðarkaup	3.882,67	3.912,50	3.942,80	3.973,55

**Launaflokkur 17, viðurkennt nám á framhaldsskólastigi í búfræði, fiskeldi eða tamningum:**

	Byrjun	1 ár	3 ár	5 ár
Mánaðarlaun	293.560	295.898	298.272	300.680
Dagvinnulaun	1.693,65	1.707,13	1.720,83	1.734,73
Yfirvinnulaun	3.048,62	3.072,90	3.097,55	3.122,56
Stórhátíðarkaup	4.036,45	4.068,59	4.101,24	4.134,35

**Desember- og orlofsuppbót:**

Desemberuppbót á árinu 2018 er 89.000 krónur

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2018 verði orlofsuppbót kr. 48.000

Heimilt er þó að greiða desember- og orlofsuppbót jafnharðan óski starfsmaður eftir því, enda sé gengið frá því í ráðningarsamningi. Ofan á mánaðarlaun kemur þá hlutfall af desember- og orlofsuppbót miðað við fullt starf 173,33 klst. á mánuði sem gerir fyrir árið 2018:

49,45 krónur á dagvinnustund í desemberuppbót og

26,66 krónur á dagvinnustund í orlofsuppbót,

Samtals 76,11 krónur.

**Fæði og húsnæði:**

Aðilar framangreinds samnings eru sammála um að hámarksgreiðsla fyrir fæði og húsnæði skuli á samningstímabilinu vera sem hér segir:

(Fjárhæðir þessar skiptast þannig: Fæði 63% og húsnæði 37%)

	Fæði kr./dag	Húsnæði kr./dag	Samtals kr./dag
18 ára og eldri	1.537	902	2.439
16-17 ára	1.191	699	1.890
15 ára	1.012	594	1.606
14 ára	951	559	1.510

Hámarksfrádráttur vegna barna ráðskonu/starfsmanna 0-13 ára:

		kr./dag
Eitt barn	Fæði og húsnæði	851
Tvö börn	Fæði og húsnæði	1.395
Þrjú börn	Fæði og húsnæði	1.924